

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 25. janúar kl. 09:07, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 713. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Marta Grettisdóttir

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Margrét Þormar, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Jón Kjartan Ágústsson, Ingvar Jón B. Gíslason, Hildur Gunnarsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir.

Ritari var Harri Ormarsson

Þetta gerðist:

2. **Alþingisreitur, breyting á deiliskipulagi** (01.141.1) Mál nr. SN190034
Skjalnr. 9486
690906-1390 Batterið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður
Lögð fram umsókn Batterísins Arkitekta ehf. dags. 15. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst að tengigangur á 2. hæð milli Skála (Kirkjustræti 12) og nýbyggingar á horni Vonarstrætis og Tjarnargötu er breytt þannig að brot kemur á hann á móts við tengibyggingu í Kirkjustræti 8B og gengur hann þaðan á ská yfir reitinn að Nýbyggingu, skarð í nýbygginguna að Vonarstræti sem gengur inn að inngarði er stækkað og lóðarmörk vestan Vonarstrætis 10 eru færð um 60 cm. þannig að lóðin minnkar um 15 fm., samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 8. janúar 2019.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
4. **Baldursgata 3, (fsp) hækkun á húsi** (01.185.2) Mál nr. SN180887
Skjalnr. 11381
Rúnar Ingi Guðjónsson, Fjarðarsel 6, 109 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Rúnars Inga Guðjónssonar dags. 17. desember 2018 varðandi hækkun hússins á lóð nr. 3 við Baldursgötu um eina hæð, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar RÚM dags. 18. desember 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Ekki er gerð athugasemd við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.
8. **Gnitanes 8, Breytingar í kjallara** (01.671.004) Mál nr. BN055575
Skjalnr. 14060
Lúðvík Bergvinsson, Gnitanes 8, 101 Reykjavík
Þóra Gunnarsdóttir, Gnitanes 8, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. desember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að stækka íbúðarrými inn í lokuð sökkulrými og gera nýjan glugga og hurð á vesturhlið kjallara í húsi nr. 8 við Gnitanes. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.

13. **Frakkastígsreitur 1.172.1, (fsp) Laugavegur** (01.172.1) Mál nr. SN180793
 33, 33a, 33b, 35, 37 og Vatnsstígur 4 Skjalnr. 10438
 621097-2109 Zeppelin ehf, Skeifunni 19, 108 Reykjavík
 530302-3420 Leiguíbúðir ehf, Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Zeppelin ehf. dags. 13. nóvember 2018 ásamt greinargerð dags. 9. nóvember 2018 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits, vegna lóðanna nr. 33, 33A, 33B, 35 og 37 við Laugaveg og 4 við Vatnsstíg sem felst í að hús að Laugavegi 33 og 33B verði færð í átt að upprunalegu útliti, hús að Laugavegi 35 verði hækkað um eina hæð og timburhluti sama húss verði endurbyggður og hækkaður um eina hæð, hús að Laugavegi 33A og Vatnsstígi 4 verði rifin og ný byggð í þeirra stað, uppbyggingu að Laugavegi 37 o.fl., samkvæmt tillögu Zeppelin ehf. dags. 12. nóvember 2018. Einnig eru lagðir fram skuggavarpuppdr. dags. 12. nóvember 2018. Jafnframt er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 29. nóvember 2018 og tölvupóstur Orra Árnasonar arkitekts ásamt greinargerð Húsverndarstofnunar Íslands um ástand húss ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Ármúli 7, Hótel - Fjölgun herbergja og tímabundin opnun milli lóða nr. 7 og 9.** (01.262.101) Mál nr. BN055605
 Skjalnr. 6528
 530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta hótel fl. ? tegund ? með 55 herbergjum, viðtalsherbergi í mhl. 04, rífa niður mhl.01 sem er tengibygging og byggja hana upp og hækka og tengja hana við mhl. 04 og við hús á Ármúla 9 á lóð nr. 7 við Ármúla. Greinargerð um hljóðvist dags. 18. desember 2018, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 17. desember 2018 fylgja erindi. Stækkun og niðurrif: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.000
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Ármúli 9, Opna á milli hótelsins - Ármúla 7 og 9 og koma fyrir flótasvalir á 5 hæð** (01.263.001) Mál nr. BN055606
 Skjalnr. 6502
 530117-0300 Reitir - hótel ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að opna á milli 1. 2. 3. og 4 hæðar inn á nýja tengibyggingu, mhl. 01, á lóð nr. 7 og á 5. hæð að opna út á nýjar svalir sem nota á sem flóttasvalir og fara út yfir lóð nr. 7 á húsinu á lóð nr. 9 við Ármúla. Gjald kr. 11.000
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Kvosin, Landsímareitur, breyting á skilmálum deiliskipulags** (01.140.4) Mál nr. SN190046
 Skjalnr. 8321
 440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
 Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 21. janúar 2019 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Landsímareits. Í breytingunni felst að bætt er við skilmála heimild til að setja flóttastiga í ljósgarð milli Thorvaldsenstrætis 2 og 4-6 út fyrir byggingarreit, samkvæmt tillögu THG Arkitekta ehf. dags. 21. janúar 2019.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs
17. **Síðumúli 23, Reyndarteikningar 3.hæð** (01.295.105) Mál nr. BN055643
 Skjalnr. 7734
 690372-0109 Bládamannafélag Íslands, Síðumúla 23, 108 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á 3. hæð og til að staðsetja flóttastiga á bakhlið húss á lóð nr. 23 við Síðumúla. Samþykki eins meðeigenda dags. 7. janúar 2019 fylgir erindi. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019 samþykkt.

19. **Tjarnarsel 2, (fsp) skipta einbýlishúsi í tvær íbúðir og breyting á svölum** (04.930) Mál nr. SN190038
Skjalnr. 5373
550103-3970 Mission á Íslandi ehf, Þinghólsbraut 3, 200 Kópavogur
Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Magnúsar Jenssonar dags. 16. janúar 2019 ásamt greinargerð dags. 16. janúar 2019 um að skipta einbýlishúsi á lóð nr. 2 við Tjarnarsel í tvær íbúðir ásamt breytingu/fjölgun svala.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Urriðakvísl 19, (fsp) stækkun húss, innrétta kjallararými o.fl.** (04.212.3) Mál nr. SN190027
Skjalnr. 12886
Gunnar Auðólfsson, Urriðakvísl 19, 110 Reykjavík
590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Gunnars Auðólfssonar dags. 3. janúar 2019 ásamt bréfi GRÍMA-arkitekta ehf. dags. 3. janúar 2019 varðandi stækkun hússins á lóð nr. 19 við Urriðakvísl til að koma fyrir stigahúsi, innrétta kjallararými og grafa frá norðurhlíð hússins og hluta austurhlíðar og setja verandir, samkvæmt uppdr. GRÍMA-arkitekta ehf. dags. 3. janúar 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019 samþykkt.
21. **Þingvað 5, (fsp) stækkun húss** (04.773.7) Mál nr. SN190031
Skjalnr. 14068
Magnús Árnason, Þingvað 5, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Magnúsar Árnasonar dags. 8. janúar 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 5 við Þingvað sem felst í að byggja ofan á norðurhluta hússins. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúi dags. 25. janúar 2019 samþykkt.
22. **Álfsnes, Sorpa, framkvæmdaleyfi** (36.2) Mál nr. SN190026
Skjalnr. 10185
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. janúar 2019 var lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 11. janúar 2019 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu nýrra heitavatnslagna og háspennukapal að nýrri gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í Álfsnesi. Einnig er lögð fram teikning Veitna ohf. að fyrirhugaðri lagnaleið dags. 11. janúar 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
27. **Kjalarnes, Jörfi, breyting á deiliskipulagi** (32.472.0) Mál nr. SN190005
Skjalnr. 13127
Eggert Ólafsson, Jörfi, 116 Reykjavík
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. janúar 2019 var lögð fram umsókn Arkþings ehf. dags. 2. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis vegna landsins Jörfi á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að að landi Jörfa verði bætt við núverandi gildandi deiliskipulag og skipt í þrjár aðskildar lóðir: lóðir E1, E2 og E3. Á lóðunum E2 og E3 er gert ráð fyrir íbúðarbyggingum með möguleika á verslun/þjónustu á jarðhæð byggingar E2B, með það í hyggju að byggja íbúðarbyggð með möguleika á atvinnu/verslunarhúsnæði í hluta bygginga sem liggja við Brautarholtsveg, samkvæmt uppdr. Arkþings ehf. dags. 2. janúar 2019. Einnig er lögð fram fornleifaskráning Minjastofnunar Íslands frá 2003. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*

28. **Kjalarnes, Leiruvegur 8, (fsp) uppbygging** Mál nr. SN190044
Skjalnr. 10258
Guðmundur Höskuldsson, Sölkugata 4, 270 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Höskuldssonar dags. 17. janúar 2019 ásamt greinargerð Hlínar Sverrisdóttur ódags. um uppbyggingu á lóð nr. 8 við Leiruvog á Kjalarnesi.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Skógarsel 12, Fjölnota Íþróttahús ÍR** (04.918.001) Mál nr. BN055573
Skjalnr. 11383
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjölnota íþróttahús, með burðarvirki úr stáli, steypum spyrnuveggjum og göflum og klætt að utan með sléttum steinullarsamlökueiningum, á svæði Íþróttafélags Reykjavíkur á lóð nr. 12 við Skógarsel.
Stærð: 4.464,8 ferm., 57.411,7 rúmm. Erindi fylgir minnisblað Eflu dagsett 7. desember 2018 með útreikningum á orkuramma og brunahönnunarskýrsla Eflu dagsett 11. desember 2018 og hljóðvistargreinargerð Eflu dagsett 11. desember 2018. Uppfærð brunahönnunarskýrsla frá Eflu dagsett 8. janúar 2019. Gjald kr. 11.000
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Barónsstígur 5, Gistiheimili í flokki II** (01.154.412) Mál nr. BN052887
Skjalnr. 7253
550506-1570 Baróns gisting ehf., Logafold 81, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. janúar 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja svalir og innréttu gistiheimili í flokki II - tegund b í húsi á lóð nr. 5 við Barónsstíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Sjá erindi BN049325. Bréf arkitekts dags. 16.05.2017 fylgir erindi. Gjald kr. 11.000
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
33. **Dugguvogur 23, Skilti** (01.454.409) Mál nr. BN055647
Skjalnr. 6928
701297-3269 Rafstilling ehf., Dugguvogi 23, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að skipta út áður samþykktu skilti og setja í staðinn ljósaskilti sömu stærðar á hús á lóð nr. 23 við Dugguvog. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019. Gjald kr. 11.000
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019 samþykkt.
34. **Grandagarður 2, (fsp) færanlegt skilti** (01.01) Mál nr. SN180757
Skjalnr. 6936
520911-1700 Bismarck ehf., Grandagarði 2, 101 Reykjavík
560109-0240 Markaðslausnir Athlon ehf., Þinghólsbraut 55, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Bismarck ehf. og Markaðslausna Athlon ehf. mótt. 22. október 2018 um að setja færanlegt skilti á lóð nr. 2 við Grandagarð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25.01.2019
35. **Grettisgata 64, (fsp) breyting á notkun** (01.191.0) Mál nr. SN180790
Skjalnr. 6030

Viðar Norðfjörð Guðbjartsson, Naustabryggja 25, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Viðars Norðfjörðs Guðbjartssonar mótt. 2. nóvember 2018 um breytingu á notkun rýma í húsinu á lóð nr. 64 við Grettisgötu úr verslun/atvinnuhúsnæði í íbúðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25.01.2019

37. **Laugavegur 30 og 30B, (fsp) stækkun** (01.172.2) Mál nr. SN180883
veitingastaðar Skjalnr. 9180
Arnar Hannes Gestsson, Laugavegur 86-94, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Arnars Hannesar Gestssonar dags. 20. desember 2018 varðandi stækkun veitingastaðarins á lóð nr. 30 við Laugaveg yfir í hús nr. 30B við Laugaveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019..
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
38. **Ránargata 10, rekstrarleyfi fyrir gististað í** (01.136.0) Mál nr. SN180580
flokki II Skjalnr. 11294
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 14. ágúst 2018 þar sem óskað er eftir umsögn á umsókn Almenna E slhf. um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II að Ránargötu 10. Einnig eru lagðar fram teikningar/viðbótargögn og einnig umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2018. Jafnframt er lögð fram lny umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019 samþykkt.
43. **Hallgerðargata 10, Fjölbýlishús** (01.349.601) Mál nr. BN055692
Skjalnr. 14073
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að reisa tveggja og þriggja hæða fjölbýlishús með alls 44 íbúðum og bílakjallara með 25 stæðum, steinsteypt og einangrað að utan, fyrir Bjarg íbúðafélag, á lóð nr. 10-16 við Hallgerðargötu. Stærðir nr. 10-12 (MHL-01): 1.080,5 ferm., 3.422,5 rúmm. Stærðir nr. 14-16 (MHL-02): 1.749,7 ferm., 5.517,0 rúmm. Bílageymsla (MHL-03): 628,4 ferm., 1.759,8 rúmm. Samtals stærðir: 3.458,6 ferm., 10.699,3 rúmm. Erindinu fylgir skýrsla Brekke & Strand Akustikk AS um hljóðvist innanhúss dagsett 11. janúar 2019 og skýrsla „Heildar varmatapsrammi, frá Ask arkitektum dagsett 16. janúar 2019. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
46. **Langholtsvegur 43-45 og 47, breyting á** (01.357.0) Mál nr. SN180840
deiliskipulagi Skjalnr. 9995
541105-0420 Ljósið styrktarfélag krabbmeins, Ægisíðu 78, 107 Reykjavík
690906-1390 Batterið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Ljóssins styrktarfélags Krabbameins um breytingu á deiliskipulagi reita 1.3 og 1.4, Sundin, vegna lóðanna nr. 43-45 og 47 við Langholtsveg. Í breytingunni felst sameining lóðanna og stækkun á byggingarreit, samkvæmt uppd. Batterisins Arkitekta ehf. dags. 22. nóvember 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. desember 2018 til og með 21. janúar 2019. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
47. **Silfratjörn 26-32, (fsp) stækkun á** (05.052.4) Mál nr. SN190043
byggingarreit Skjalnr. 14072

681206-0510 Stéttafélagið ehf., Breiðhelli 12, 221 Hafnarfjörður
Lögð fram fyrirspurn Stéttarfélagsins ehf. dags.16. janúar 2019 um stækkun á byggingarreit lóðarinnar nr. 26-32 við Slitratjörn.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

52. **Grundarstígur 7, breyting á deiliskipulagi** (01.184.0) Mál nr. SN190048
Skjalnr. 10741
Árni Guðjónsson, Grundarstígur 7, 101 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 22. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Bergstaðastrætisreits, reitur 1.184.0 vegna lóðarinnar nr. 7 við Grundarstíg. Í breytingunni felst að lóðinni verði skipt upp í tvær lóðir Grundarstígur 7 og 7B, kvöð verði um umferð að lóð nr. 7B í gegnum lóð nr. 7, leyfilegt nýtingarhlutfall lóðanna tveggja verði aukið, byggingarreitur bílskúrs sem þá yrði á lóð nr. 7B verði stækkaður til norðurs og bílskúrin verði rifinn og í hans stað byggt íbúðarhús, samkvæmt uppd. Arkís arkitekta ehf. dags. 25. janúar 2019. Við þessar breytingar falla úr gildi leyfi til að hækka núverandi íbúðarhús á lóð Grundarstígs 7.
Vísad til umsagnar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
54. **Nýlendugata 34, Nýbygging með 6 íbúðum** (01.130.223) Mál nr. BN055571
Skjalnr. 13702
500818-0850 Nýlendugata 34 ehf., Dalabíngi 9, 203 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. janúar 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja þrílyft fjölbýlishús úr krosslímdum timbureiningum með 6 íbúðum og einni vinnustofu á lóð nr. 34 við Nýlendugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019. Stærð, A-rými: 509,2 ferm., 1.554 rúmm. Gjald kr. 11.000
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
55. **Melgerði 1, deiliskipulag** (01.814.0) Mál nr. SN180384
Skjalnr. 5110
Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík
Halla Arnardóttir, Melgerði 1, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Magnúsar Jenssonar dags. 21. maí 2018 ásamt tillögu að deiliskipulagi reits sem afmarkast af Melgerði, Grundargerði, Búðagerði og Breiðagerði. Í tillögunni felst stækkun lóðarinnar nr. 1 við Melgerði til norðausturs yfir borgarland, samkvæmt uppd. Magnúsar Jenssonar dags. 21. maí 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. desember 2018 til og með 21. janúar 2019. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ingibjörg F. Ottesen dags. 10. janúar 2019, Gísli Gunnlaugsson og Elfur Sif Sigurðardóttir dags. 11. janúar 2019, Guðríður Þorvaldsdóttir dags. 15. janúar 2019 og 21 aðili að Búðagerði dags. 15. janúar 2019.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
56. **Reykjahlíð 8, (fsp) kvistir** (01.701.3) Mál nr. SN190037
Skjalnr. 10572
Lárus Kristinn Ragnarsson, Bröndukvísl 6, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Lárusar Kristins Ragnarssonar dags. 15. janúar 2019 um að setja kvisti á húsið á lóð nr. 8 við Reykjahlíð, samkvæmt tillögu ódags.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
63. **Laugarnesvegur 47, (fsp) gististaður** (01.36) Mál nr. SN180829
Skjalnr. 12851
Elías Ilya Karevskiy Ingvarsson, Meistaravellir 5, 107 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Elíasar Ilya Karevskiy Ingvarssonar dags. 4. desember 2018 um rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 47 við Laugarnesveg. Eiinnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.

64. **Laugavegur 100, (fsp) hækkun húss** (01.174.3) Mál nr. SN190023
Skjalnr. 12497
701205-2000 Tvíeyki ehf., Skildinganesi 11, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Tvíeyki ehf. dags. 10. janúar 2019 um hækkun hússins á lóð nr. 100 við Laugaveg um eina inndregna, samkvæmt uppdr. Tvíeyki ehf. dags. 1. desember 2018.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
66. **Njarðargata 45, Gistiheimili - svalir** (01.186.605) Mál nr. BN054075
Skjalnr. 12881
710505-1440 Spur ehf., Freyjugötu 24, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til gera gististað í flokki II - tegund B fyrir 10 manns ásamt því að gera svalir á bakhlið á 2. og 3. hæð og bæta brunavarnir í húsi á lóð nr. 45 við Njarðargötu. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. mars 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. mars 2018.
og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. apríl 2018, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. mars 2018. Gjald kr. 11.000
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
67. **Rafstöðvarvegur 25, breyting á deiliskipulagi** (04.25) Mál nr. SN180886
Skjalnr. 10924
Þórarinn Arnar Sævarsson, Miklabraut 80, 105 Reykjavík
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2019 var lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 21. desember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Íbúðarsvæði við Rafstöðvarveg vegna lóðarinnar nr. 25 við Rafstöðvarveg. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni lóðarinnar sem felst í að gera gera viðbyggingu við íbúðarhús auk gufubaðs með skiptiaðstöðu inn á lóðinni ásamt niðurrifi á núverandi bílageymslu og endurbyggingu hennar innar á lóðinni, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 20. desember 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Rafstöðvarvegi 21,23 og 27.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
68. **Skipholt 11-13, Fjölbýlishús** (01.242.301) Mál nr. BN055667
Skjalnr. 11331
620305-1620 Sætrar ehf, Gerðhömrum 27, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fimm hæða, 10 íbúða, fjölbýlishús auk kjallara og bílageymslu, staðsteypt og einangrað að utan, á lóð nr. 11-13 við skipholt.
Stærðir: 801,0 ferm., xx,xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
71. **Sörlaskjól 78, Endurnýjun á BN04491** (01.531.019) Mál nr. BN052814
Skjalnr. 12907
Snorri Pétur Eggertsson, Sörlaskjól 78, 107 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja kvist á norðurhlið, svalir á suðurhlið 1. hæðar, verönd og hurð út í garð úr kjallara og til að byggja hjólaskýli við norðurhlið bílskúrs við parhús á lóð nr. 78 við Sörlaskjól. Erindi var grenndarkynnt frá 21. desember 2018 til og með 21. janúar 2019. Engar athugasemdir bárust. Sams konar erindi, BN044991, var grenndarkynnt árið 2013.

Kvistur: 3,2 rúmm. Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 24. maí 2017. Hjólageymsla: 6 ferm., 13,9 rúmm. Stækkun: 6 ferm., 17,1 rúmm. Gjald kr. 11.000
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

72. **Vífilsgata 19, (fsp) hækkun á þaki** (01.243.1) Mál nr. SN190032
Skjalnr. 14069
Hrafnhildur Sif Þórólfsdóttir, Vífilsgata 19, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hrafnhildar S. Þórólfsdóttur dags. 8. janúar 2019 um að hækka þak hússins á lóð nr. 19 við Vífilsgötu
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

73. **Elliðabraut 2, (fsp) breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190039
Skjalnr. 12508
500310-0490 DAP ehf, Litlu-Tungu, 270 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Odds Víðissonar dags. 16. janúar 2019 ásamt greinargerð dags. 16. janúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar sr. 2 við Elliðabrat sem felst stækkun lóðarinnar og breyting á nýtingarhlutfalli og notkun, reisa verslunarhús á lóðinni og flytja til, innan lóðar, fjölkustöð sem fyrir er á lóðinni, samkvæmt tillögu DAP ehf. dags. í Janúar 2019.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

74. **Grettisgata 20A og 20B, (fsp) sameining lóða** (01.182.1) Mál nr. SN190040
Skjalnr. 13142
641108-0490 Xyzeta ehf., Ármúla 18, 108 Reykjavík
Helgi Indriðason, Nóatún 28, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Helga Indriðasonar dags. 16. janúar 2019 um sameiningu lóðanna nr. 20A og 20B við Laugaveg og reisa sameiginlega stiga á núverandi lóðarmörkum lóðanna og breyta núverandi stigahúsum í inngang og anddyri íbúða, samkvæmt uppdr. ódags.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

76. **Hávallagata 9, málskot** (01.160.3) Mál nr. SN180772
Skjalnr. 12958
Herdís Kjerulf Þorgeirsdóttir, Hávallagata 9, 101 Reykjavík
Lagt fram málskot Herdísar Kjerulf Þorgeirsdóttur dags. 5. október 2018 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 26. október 2018 um að byggja yfir efri þaksvalir á vesturhlið hússins á lóð nr. 9 við Hávallagötu. Einnig er lagður fram tölvupóstur Herdísar Kjerulf Þorgeirsdóttur dags. 22. janúar 2019 þar sem málskot er dregið til baka.
Málskot dregið til baka sbr. tölvupóst dags. 22. janúar 2019.

77. **Hverfisgata 41, breyting á deiliskipulagi** (01.152.4) Mál nr. SN180714
Skjalnr. 11798
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 9. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 41 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar frá núverandi ástandi, frá 1,09 í 2,33, en lækkað frá gildandi heimild sem er 2,88. Heimilt verður að hafa allt að fimm íbúðir í húsinu, tvær á hverri hæð (utan kjallara) og ein í risi. Heimilt verður að hafa verslun og þjónustu á fyrstu hæð og kjallara og svalir á norðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 9. október 2018. Einnig er lagður fram tölvupóstur skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 22. janúar 2019 þar sem umsókn er dregin til baka.

Umsókn dregin till baka sbr. tölvupóst dags. 22. janúar 2019.

80. **Sogavegur 172, Reyndarteikningar - áður** (01.831.005) Mál nr. BN055650
gert 0201 Skjalnr. 14071

Ólafur Júlíusson, Hjaltabakki 6, 109 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem eru að innra skipulagi hefur verið breytt í íbúð 0201, komið fyrir svalahurð í stað glugga og svalir gerðar á þaki viðbyggingar húss á lóð nr. 172 við Sogaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2019. Samþykki meðeigenda fylgir erindi dags. 8 janúar 2019. Gjald kr. 11.000

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2019.

82. **Klausturstígur 1-11 og Kapellustígur 1-13,** (05.130.4) Mál nr. SN190025
breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 11646

681194-2749 Kanon arkitekta ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
700707-0750 Byggingafélag námsmanna ses., Pósthólf 5480, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 10. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi námsmannagarða við Klausturstíg 1-11 og Kapellustígur 1-13. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað um fjórar, bílastæðum er fjölgað um þrjú, byggingarreitum er hnikað til og þeir stækkaðir, hámarksgrunnflötur stigahúss er stækkaður, nýtingarhlutfall breytist og fl., samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 10. janúar 2019.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:05.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Marta Grettisdóttir